

EBK ehf. - Eldsneytisbirgðastöð Keflavíkurflugvelli  
Keflavíkurflugvelli  
235Keflavíkurflugvöllur

Reykjavík, 21. febrúar 2020  
UST201901-197/H.R.A.  
08.06.02

### Efni: Málslok


Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 18. desember 2019, þar sem óskað var eftir staðfestingu tryggingar eða áætlun um úrbætur vegna frávíks er fram kom í reglubundnu eftirliti stofnunarinnar, dags. 30. október 2019, hjá eldsneytisbirgðastöð EBK á Keflavíkurflugvelli. Frestur var veittur til 10. janúar 2020 til að skila inn fullnægjandi gögnum. Þann 20. desember 2019 barst Umhverfisstofnun fullnægjandi staðfesting með tölvupósti.

### Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 4.5 í starfsleyfi.** Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda upp á 1.000.000 SDR var ekki aðgengileg eftirlitsmönnum í eftirlitinu. **Samkvæmt þeim upplýsingum sem stofnuninni bárust þann 20. desember 2019 er hægt að staðfesta að fjárhæð vátryggingar sé yfir þeirri upphæð sem krafist er og fráviki er lokið.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja